

**REGLUGERÐ**

**um breytingu á reglugerð um aukaframlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, nr. 467 frá 7. ágúst 1981, sbr. reglugerð nr. 138 frá 6. mars 1984 og reglugerð nr. 119 frá 27. febrúar 1985.**

1. gr.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Við álagningu útsvara á árinu 1986 telst skilyrði 1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 467 frá 7. ágúst 1981 fullnægt, þótt hundradshluti álagðra útsvara hafi ekki verið hærri en 10,4%.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 47. gr. laga nr. 73/1980 til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð um sama efni nr. 11 frá 2. janúar 1986.

*Félagsmálaráðuneytið, 21. apríl 1986.*

**Alexander Stefánsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

Nr. 240

28. apríl 1986

**REGLUGERÐ**

**um breyting á reglugerð nr. 278/1977, um Tækniskóla Íslands.**

1. gr.

6. gr. 4. málsgr., orðist svo:

Sérgreinadeildir eru byggingadeild, rafmagnsdeild, véladeild, rekstrardeild og heilbrigðisdeild. Í heilbrigðisdeild eru tvær námsbrautir (sbr. 7. gr.), önnur í meinatækni en hin í röntgentækni.

2. gr.

8. gr., 5. málsgr., orðist svo:

Um bókleg og verkleg inngönguskilyrði í aðrar námsbrautir fer eftir námsskrá eða öðrum sérstökum reglum sem menntamálaráðuneytið staðfestir að fengnum tillögum skólanefndar eða námsbrautarnefndar, sbr. 24. gr.

3. gr.

Við 13. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Námsvísir skal leggja fyrir menntamálaráðuneytið til staðfestingar að lokinni umfjöllun skólanefndar eða námsbrautarnefndar, sbr. 24. gr.

4. gr.

Við 24. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Við hvora námsbraut heilbrigðisdeildar starfar námsbrautarnefnd, sem menntamálaráðuneytið skipar til fjögurra ára í senn, og er hún rektor og deildarstjóra til ráðuneytis um málefni er varða viðkomandi námsbraut. Í námsbrautarnefnd meinatækna- brautar skal auk rektors og deildarstjóra eiga sæti einn fulltrúi tilnefndur af hverri eftirtalinna stofnana: Borgarspítalanum í Reykjavík, Landspítalanum og Rannsóknastofu Háskólans, svo og fulltrúi tilnefndur af Meinatæknifélagi Íslands. Í námsbrautarnefnd röntgentækna- brautar skal auk rektors og deildarstjóra eiga sæti einn fulltrúi tilnefndur af Borgarspítalanum í Reykjavík og annar tilnefndur af Landspítalanum, svo og fulltrúi tilnefndur af Röntgentæknafélagi Íslands. Rektor stýrir fundum námsbrautarnefnda.